

# 15. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 3. desember 2019, kl. 17:30 á skrifstofu Siðmenntar, Skipholti 50c.

**Mætt á fund:** Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Sveinn Atli Gunnarsson (varamaður), Hope Knútsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson

**Fundardagskrá í svörtum lit**

Viðbætur ritara í bláum lit

## Dagskrá/Fundargerð

### 1. Verklagsreglur

#### a. Verklagsreglur um gæðamál

Reglurnar lagðar fram til kynningar og samþykktar.

Athafnaráð í samvinnu við formann hefur lagt í töluverða vinnu við reglurnar og tekið til greina ýmsar ábendingar frá athafnastjórum.

Stjórn samþykkir verklagsreglur um gæðamál.

#### b. Verklagsreglur um virkni

Reglurnar lagðar fram til kynningar og samþykktar.

Athafnaráð í samvinnu við formann hefur lagt í töluverða vinnu við reglurnar og tekið til greina ýmsar ábendingar frá athafnastjórum.

Stjórn samþykkir verklagsreglur um virkni.

#### c. Skipan í gæðateymi athafnaþjónustu Siðmenntar

Stjórn skipar Kristínu Sævarsdóttur í ráðið sem fulltrúa stjórnar. Ráðið skipa einnig formaður, framkvæmdastjóri og fulltrúi athafnastjóra.

## 2. Ráðningarsamningar starfsfólks BF

Ekki liggja fyrir neinar verktaka/ráðningarsamningar við kennara sem koma að starfinu í BF. Laun kennslustjóra virðast hafa verið ákveðin með vísan í eitthvað sem liggur ekki ljóst fyrir, og hafa hækkað jafn og þétt. Ekki liggur fyrir hvaða verkþætti þau dekla eða hversu mikið vinnuframlag liggur á bakvið tímagjaldið.

Lagt til að gerðir verði samningar við alla kennara og kennslustjóra til eins árs og umfang kennslu og undirbúnings metið.

### a. Ráðningarsamningur kennslustjóra

Lögð fram til kynningar drög að samningi og fylgiskjali

### b. Ráðningasamningur leiðbeinenda

Samningar við leiðbeinendur yrðu væntanlega nokkuð samhljóðandi en einfaldari en kennslustjóra. Stjórn samþykkti í haust að hækka taxtann úr 11.000 í 12.000 fyrir komandi önn.

Framkvæmdastjóri leggur einnig til að siðareglur/trúnaðaryfirlýsing fylgi samningunum, og heimild til að sækja upplýsingar um stöðu sakavottorðs.

Framkvæmdastjóra falið að klára drögin að samningum og klára málið í samvinnu við verkefnastjóra BF.

## 3. Gjaldskrá athafnaþjónustu 2020

### a. Óbreytt gjaldskrá

Ekki komu fram athugasemdir við gjaldskrá athafnaþjónustu á haustfundi athafnastjóra og þá hugmynd að halda henni óbreyttri fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri bendir á að athafnaþjónustan stefni í 2 milljón króna halla á árinu, en sá halli vinnst til baka með sóknargjöldum félaga. Framkvæmdastjóri styður þá hugmynd að halda gjaldskránni óbreyttri.

Stjórn samþykkir að halda gjaldskrá ársins 2020 óbreyttri, með fyrirvara um þróunar þjónustu og lagalegrar umgjarðar um útfarir.

#### **b. Gjaldskrá vegna útfara**

Gjaldskrá fyrir útfarir lækkaði um 5.000 krónur á árinu, vegna hækkunar á endurgreiðslu frá ríkinu. Blikur eru á lofti núna um framtíð þeirra greiðslna. Ef þær verða slegnar af þarf að taka gjaldskrána til gagngerrar endurskoðunar.

Einnig þyrfti að skoða uppsetningu gjaldskrár og greiðslu til athafnastjóra miðað við umfang athafna. Þetta þyrfti að skoða í nánú samstarfi við þá athafnastjóra sem sinnt hafa útförum.

### **4. Hugverkaréttur Siðmenntar**

- a. Framkvæmdastjóra falið að kanna fyrirkomulag hjá systurfélögum og setja sig í samband við Hugverkastofu**

### **5. Lagabreytingar**

- a. Senda þarf inn breytingar fyrir 10. janúar**

Framkvæmdastjóra falið að vekja athygli á fresti til að skila inn lagabreytingum á vefsíðu félagsins.

### **6. Aðalþing**

- a. Dagsetning**

Samþykkt að halda aðalþing laugardaginn 15. febrúar, á afmælisdegi félagsins. Stjórn gerir það að tillögu sinni að húmanistaverðlaun Siðmenntar verði afhent í lok dagsins. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning.

### **7. Afleysingar á skrifstofu**

- a. Tímabil**

Hentugast að viðkomandi komi til starfa 1. mars og verkefnastjóri BF verði í auknu starfshlutfalli (100%) í janúar og febrúar. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

### **8. Hönnun á markaðsefni og bæklingum**

- a. Verktaki - Gunnar Júlíusson (Dínamít.is)**

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri BF funduðu með Gunnari Júlíussyni á dögnum sem mun taka að sér tilfallandi grafíska vinnslu fyrir félagið.

**b. Bæklingar og kynningarefni**

Gunnar hefur einnig boðist til að vinna tillögur að nýju útliti á bæklingum, og vinna efni t.d. fyrir afmæli og auglýsingar. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tíma- og verkáætlun fyrir bæklingaendurhönnun.

## 9. Afmælisár

**a. Viðburðir og verkefni**

Stjórn leggur til að afmælisárið verði undirlagt í mörgum mismunandi og misstórum verkefnum og viðburðum. Starfsfólki félagsins falið að ýta verkefninu úr vör, ramma það inn skriflega og kalla eftir hugmyndum frá stjórn og félögum.

## 10. Opið hús

**a. Opið hús í Skipholti**

Stefnt að því að halda opið hús í Skipholti ársfjórðungslega, fyrst í janúar. Stefnt að 22. janúar. Samstarfsverkefni starfsmanna og stjórnar, starfsmenn að byrja vinnuna og gera tillögur að dagskrá.

## 11. Önnur mál

**a. GDPR**

Framkvæmdastjóri hefur fengið tvö tilboð í verkefnið og ætlar að leita til fleiri aðila.

**b. Listi frá Þjóðskrá**

Fengum lista frá Þjóðskrá. og eru 3.472 skráðir félagar m.v. 3. des 2019. Þetta er tæplega 19% fjölgun frá því fyrir ári síðan.

**c. Áramótaheit Siðmenntar**

Stefnt er á að ná 5000 manns inn á félagatal eftir afmælisár Siðmenntar.

*Næsti stjórnarfundur verður haldinn 7. janúar klukkan 17:30*

**Fundi slitið klukkan: 19:03**

---

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands